

**Ed.**

**338. Nefndarálit**

**[30. mál]**

um frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Á þinginu 1958 fluttu þeir Alfreð Gíslason og Björn Jónsson ályktunartillögu um athugun á aðbúnaði fanga. Var hún efnislega á þá leið, að nefnd sérfróðra manna yrði falið að rannsaka aðbúnað þeirra manna, sem dæmdir eru til refsivistar hér á landi, og gera síðan tillögur um nauðsynlegar endurbætur. Ályktun-

artillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar „í trausti þess, að rík áherzla verði lögð á skjótar úrbætur í fanga- og betrunarhúsmálum þjóðarinnar“.

Í greinargerð, er þessari tillögu fylgdi, er m. a. komið svo að orði:

„Sú skoðun mun almenn, að fangelsismálum þjóðarinnar sé í ýmsu mjög ábótavant. Á það ekki hvað sízt við um þann þátt þeirra, sem mikilsverðastur er, meðferð afbrotamanna og afvegaleiddra ungmenna. Í menningarþjóðfélagi hlýtur sú meðferð að miðast við það að ná sem beztum árangri í lækningu þeirra meinsemda, sem orsaka misgerðir og afbrot. Þessum þætti mun litill sómi sýndur í verki og árangur refsivistar reynast í samræmi við það.“

Enn fremur segir svo í greinargerðinni: „Á eina svokallaða vinnuhælið, Litla-Hraun, hefur um áraskeið verið safnað saman flestum eða öllum afbrotamönnum, sem dæmdir hafa verið til verulegrar refsivistar, og hefur þá ekkert tillit verið tekið til þess, hvers eðlis afbrotin voru eða manngerðirnar, sem látnar voru deila aðbúð og kjörum. Afleiðing þessa hefur orðið sú m. a., að óhörðnuð ungmenni, sem fyrst og fremst þarfnast sálarlegrar aðhlyningar og nýtsamra starfa, hafa verið ofurseld áhrifum vanrækra og forhertra glæpamanna. Munu þess dæmi, að slík ungmenni hafi þá fyrst orðið löggæzlumönnum alvarlegt viðfangsefni og hættulegt, er þau höfðu afplánað hegningu sína á þessum stað.“

Í apríl 1960 lét ríkisstjórnin verða af því að fela einum sérfróðum manni að kynna sér ástand fangelsa landsins og gera áætlun um að koma fangelsismálum hér í nútímahorf. Að athugun lokinni lét þessi sérfræðingur dómsmálaráðuneytinu í té álitserð og tillögur um aðgerðir til úrbóta, og á grundvelli þeirra tillagna er frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli byggt.

Með efni þessa frumvarps er mjög stefnt í rétta átt, að því er varðar vissa hlið fangelsismálanna. Bygging fangelsa mismunandi tegunda, svo sem ráðgert er í frumvarpinu, er stórt framfaraspor og ekki sanngjarnt að heimta meira, eins og allar aðstæður eru hér á landi nú. Ef von væri til, að ríkisfangelsið í Reykjavík með sínum aðgreindu deildum, vinnuhælið og unglíngafangelsið yrðu reist og tekin í notkun innan hóflegs tíma, mætti segja, að sómasamlega væri séð fyrir húsakosti og sá þáttur vandamálsins þannig farsællega leystur. En vonin til þess er því miður litil. Til byggingar þessara miklu stofnana er í frumvarpinu ekki tryggt meira fé en 1 milljón króna á ári, og er auðsætt, að með þeirri fjárveitingu tekur það marga áratugi að koma þeim upp. Þetta er stór galli. Fyrir öll fangelsin, sem ráðgerð eru í frumvarpinu, er brýn nauðsyn nú þegar eða á næstu árum. Eftir marga áratugi má gera ráð fyrir, að þau verði orðin of litil og úrelt, og þannig mundum við hjakka stöðugt í sama farinu í fangelsismálum, ef aldrei má gera stórt átak, en stórt átak í þessu efni kostar mikið fé.

Á það skal aðeins minnzt hér, að í frumvarpinu eru engin ákvæði um menntun eða þjálfun þess starfslíðs, sem hafa skal eftirlit með föngum og annast meðferð þeirra. Þetta er þó býsna mikilsvert atriði og engin ástæða til að sleppa því, jafnvel þótt dráttur verði á byggingu fangelsanna. Við fangelsi eiga að starfa sérfróður læknir, sérfróður sálfræðingur og sérmenntaðir fangaráðunautar, auk þjálfaðra fangavarða. Þessi hlið vandamálsins virðist ekki hafa verið athuguð, og er hún þó sennilega eins mikilsverð og húsakosturinn.

Í nánum tengslum við frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli er annað stjórnarfrumvarp, frv. til laga um héraðsfangelsi. Bæði þessi frumvörp voru athuguð og rædd í allsherjarnefnd, og varð ekki fullt samkomulag um afgreiðslu þeirra. Vill meiri hlutinn mæla með samþykkt þeirra, eins og þau liggja fyrir, en minni hlutinn leggur til, að gerðar verði á þeim nokkrar breytingar, og eru tillögur um þær á sérstöku þingskjali.

Helzta breytingartillaga minni hlutans er sú, að öll fangelsi í landinu skuli vera eign ríkisins og rekin af því. Í héraðsfangelsafrumvarpinu er gert ráð fyrir, að stofn- og rekstrarkostnaður héraðsfangelsa greiðist, framvegis sem hingað til að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Þetta þykir ýms-

um óheppilegt ákvæði fyrir margra hluta sakir. Í athugasemdum, er fylgja frv. til laga um ríkisfangelsi, er nokkuð rætt um þessa hlutdeild sveitarsjóðanna í fangelsakostnaðinum. Hún tíðkaðist annars staðar á Norðurlöndum áður fyrr, en hefur nú verið afnumin hvarvetna. Síðan ber ríkissjóður einn allan kostnað af fangelsunum í þessum löndum, bæði ríkis- og héraðsfangelsum, og þykir það eðlileg og heppileg tilhögun og til stórbóta frá því, sem áður var. Á þessa leið er frá sagt í athugasemdunum.

Allsherjarnefnd sendi frumvörpin nokkrum aðilum til umsagnar, m. a. Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í því tilefni gerði sambandssjórnin sérstaka samþykkt, svo hljóðandi:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga vísar til fyrri samþykta sambandsþings, fulltrúaráðsfunda og bæjarstjórafunda þess efnis, að sveitarsjóðir verði leystir undan greiðslu lögreglukostnaðar, og telur eðlilegt, að fangelsin hér á landi verði reist og rekin fyrir fé ríkissjóðs, svo sem tíðkast hjá öðrum norrænum þjóðum.“

Það er eðlilegt, að ríkið eigi og reki öll fangelsi í landinu, og það er sanngjarnt að létta fangelsakostnaðinum af sveitarsjóðunum. Því gerir minni hluti nefndarinnar það að tillögu sinni og jafnframt að ákvæði frv. til laga um héraðsfangelsi, þannig breytt, verði felld inn í frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, frumvörpin með öðrum orðum sameinuð.

Aðrar efnislegar breytingartillögur eru þær, að ekki skuli lögbundið, að vinnuhæli ríkisins megi hvergi vera nema á Litla-Hrauni, að ákvæði 5. gr. um afplánun meðlaga eða barnalífeyris verði felld burt og að fjárveiting til fangelsabyggingar verði minnst 2 milljónir króna á ári í stað 1 milljónar.

Húsið á Litla-Hrauni var ekki byggt sem vinnuhæli fanga, og það hefur frá upphafi verið talið óhentugt til þeirra nota, enda vandræði þar farið vaxandi með árunum. Enn mun ekki hafa verið rannsakað til hlítar, hvort ódýrara sé og hagkvæmara að reisa frá grunni vinnuhæli handa 60 föngum eða gerbreyta hælina á Litla-Hrauni og stækka það um meira en helming. Á meðan sú rannsókn hefur ekki farið fram, er óhyggilegt að einskorða með lögum staðsetningu hælisins við Litla-Hraun.

Ákvæðið um afplánun meðlaga í 5. gr. er með öllu óþarft. Í framfærslulögum er sveitarstjórnnum heimilað með vissum takmörkunum að afla sér úrskurðar um, að styrkþega skuli skylt að vinna af sér á vinnuhæli ógreidd barnsmeðlög. Þetta ákvæði ber réttarfarinu ekki sérlega fagurt vitni, og er sannarlega nóg að flíka því í einum lögum.

Loks leggur minni hlutinn til, að árlegt minnsta framlag ríkissjóðs til fangelsabyggingar verði hækkað um helming. Nægileg er sú hækkun raunar ekki, en þó betri en engin. Fangelsismálin hafa árum saman verið látin sitja á hakanum þjóðfélaginu til skaða og skammar. Það er hverju orði sannara, sem segir í athugasemdum við frumvarpið, að fangelsismálin mega ekki gjalda þess um alla framtíð, að þau hafa til þessa dags orðið útundan.

Nánari grein fyrir breytingartillögunum verður gerð í framsöguræðu.

Alþingi, 6. febrúar 1961.

Alfreð Gíslason.